



Andrés Þór Filippusson
Baugsvegur 4
710 Seyðisfjörður

UMHVERFIS- OG
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Skuggasundi 1 101 Reykjavík
sími: 545 8600 postur@uar.is
umhverfisraduneyti.is

Reykjavík 16. mars 2021
Tilv.: UMH21030037/8.14

Ráðuneytið vísar til erindis yðar frá 4. mars sl., sem Heilbrigðiseftirlit Austurland framsendi ráðuneytinu með tölvupósti 5. mars sl. Í erindinu er sótt um tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs húsnæðis að Hafnargötu 46 á Seyðisfirði, fasteignanúmer F2168596. Fram kemur að húsið hafi skemmst mikið í bruna haustið 2018. Óskað er eftir tímabundinni undanþágu frá kröfu um stafsleyfi samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þannig að unnt sé að nýta mannskap og tækjakost sem nú er að störfum á Seyðisfirði við hreinsunarstörf í kjölfar skriðufalla í desember sl. þar sem kröfu um kynningarferli skv. 3. mgr. 7. gr. sömu laga hefur ekki verið fullnægt. Sótt hafi verið um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Austurlands til að vinna verkið þann 4. mars sl. og tillaga að starfsleyfi hafi verið auglýst á vefsvæði nefndarinnar 5. mars sl.

Í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, er kveðið á um að allur atvinnurekstur, sbr. viðauka I, II og IV, skuli hafa gilt starfsleyfi, sbr. þó 8. gr. Samkvæmt 75. tölul. í IV. viðauka laganna gefur heilbrigðisnefnd út starfsleyfi vegna niðurrifs mannvirkja. Ráðherra er heimilt skv. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998, ef ríkar ástæður mæla með og að fenginni umsögn Umhverfisstofnunar og eftir atvikum heilbrigðisnefndar, að veita tímabundna undanþágu frá starfsleyfi, enda sé m.a. komin fram fullnægjandi starfsleyfisumsókn til útgefanda starfsleyfis, sbr. 1. másl. 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Afmarka skal undanþágu við þá þætti sem nauðsyn krefur í samræmi við þá meginreglu að allur atvinnurekstur skuli hafa gilt starfsleyfi.

Í samræmi við ákvæði 6. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir sendi ráðuneytið erindi yðar til umsagnar Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Austurlands 8. mars sl.

Í umsögn Umhverfisstofnunar sem barst ráðuneytinu með bréfi, dags. 9. mars sl., kemur fram að samkvæmt 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang er atvinnurekstur sem gæti haft í för með sér losun asbests út í umhverfið, þ.m.t. niðurrif bygginga, byggingarhluta eða búnaðar, starfsleyfis skyldur og veiti heilbrigðisnefnd viðkomandi sveitarfélags starfsleyfi fyrir slíkri starfsemi. Samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skuli útgefandi starfsleyfis vinna tillögur að starfsleyfi og auglýsa opinberlega hvers efnis þær eru og hvar megi nálgast þær. Heimilt sé að gera skriflegar athugasemdir við tillögur útgefanda

starfsleyfisins innan fjögurra vikna frá auglýsingu. Samkvæmt upplýsingum frá heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Austurlands hafi umsókn um starfsleyfi borist þann 4. mars sl. Þann 5. mars sl. hafi drög að starfsleyfi verið auglýst og frestur til að skila athugasemdum og ábendingum sé til 6. apríl nk. Í erindi umsækjanda komi fram að mjög brýnt sé að það verði ráðist í þessa framkvæmd til að möguleiki sé til að nýta verktaka með reynslu af niðurrifi og tækjakost sem nú sé á staðnum við hreinsunarstörf í kjölfar skriðufalla í desember sl. Umhverfisstofnun telji að skilyrði fyrir tímabundinni undanþágu séu uppfyllt, að nánar tilgreindum skilyrðum uppfylltum.

Umsögn Heilbrigðisnefndar Austurlands barst ráðuneytinu með tölvupóstum 8. og 9. mars sl. Þar kemur fram að nefndin mæli með að undanþága verði veitt, nefndin meti umsókn um starfsleyfi fullnægjandi og staðfest hafi verið að ekkert asbest sé í húsnæðinu.

Eins og fram hefur komið liggur fyrir umsókn um starfsleyfi hjá Heilbrigðisnefnd Austurlands til niðurrifs og förgunar á húsi við Hafnargötu 46 á Seyðisfirði, fastanúmer F2168596. Fram er komin skýr nauðsyn fyrir veitingu undanþágu frá starfsleyfi þar sem á Seyðisfirði er nú staddur mannskap sem unnið hefur verið að hreinsunarstörfum í kjölfar skriðufalla í desember sl. og er með þekkingu á niðurrifi og viðeigandi tækjakostur er því einnig á staðnum vegna þessa. Heilbrigðisnefnd Austurlands hefur metið fyrirbyggjandi starfsleyfisumókn fullnægjandi og nefndin hefur auglýst starfsleyfistillögur á vefsíðu sinni. Í ljósi þessa, framangreindra umsagna Umhverfisstofnunar og Heilbrigðisnefndar Suðurnesja og í samræmi við 1. mgr. 6. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir og 4. mgr. 5. gr. reglugerðar nr. 550/2018, um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, veitir ráðuneytið hér með Andrési Þór Filippussyni, kt. 030845-4639, tímabundna undanþágu frá starfsleyfi vegna niðurrifs og förgunar á húsi við Hafnargötu 46 á Seyðisfirði.

Undanþágan er bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Undanþágan nær eingöngu til niðurrifs og förgunar á húsi við Hafnargötu 46 á Seyðisfirði eins og kemur fram í umsókn um starfsleyfi.
2. Andrés Þór og verktakar á hans vegum skulu fara að skilyrðum sem fram koma í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og almennum starfsleyfisskilyrðum Heilbrigðisnefndar Austurlands fyrir mengandi starfsemi og starfsleyfisskilyrðum fyrir niðurrif húsa og annarra mannvirkja, sbr. auglýsta tillögu að starfsleyfi, https://haust.is/images/210305_tillaga_a%C3%B0_starfsleyfi_v_ni%C3%B0urrifs_-_Hafnargata_46.pdf. Verði vart við asbest við niðurrif skal án tafar upplýsa heilbrigðisnefnd um málið, afla nauðsynlegra leyfa hjá Vinnueftirliti og fara eftir ákvæðum reglugerðar nr. 705/2009 um asbestúrgang við framhalds verksins.
3. Framkvæmdin er háð eftirliti Heilbrigðisnefndar Austurlands.
4. Tryggja skal að allir sem koma að verkinu hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem þeir gætu komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á framkvæmdastað.
5. Að lokinni framkvæmd skal Andrés Þór skila niðurrifsskýrslu til Heilbrigðisnefndar Austurlands.

Heilbrigðisnefnd Austurlands fer með mengunarvarnaeftirlit skv. XIV. kafla laga nr. 7/1998 með þeirri framkvæmd sem undanþágan nær til. Andrés Þór ber ábyrgð á kostnaði af eftirliti eftirlitsaðila. Ber honum og verktökum á hans vegum að fylgja fyrirmælum nefndarinnar um kröfur og starfshætti sem varða mengunarvarnir framkvæmdarinnar. Nefndin getur beitt þvingunarúrræðum skv. XVII. kafla laga nr. 7/1998 ef frávik verða frá skilyrðum undanþágu. Vakin er athygli á að Heilbrigðisnefnd Austurlands gæti í eftirliti þurft að setja fram kröfur sem ekki koma fram í skilyrðum hér að framan, gefist tilefni til, enda hefur starfsleyfi ekki enn verið útgefið vegna starfseminnar.

Heilbrigðisnefnd Austurlands skal birta undanþágu þessa á vefsíðu sinni sem og eftirlitsskýrslur henni tengdar.

Undanþága þessi gildir þar til starfsleyfi hefur verið gefið út en þó eigi lengur en til 7. apríl 2021. Nauðsynlegur frágangur vegna framkvæmdarinnar skal vera innan þess tímabils.

Framangreint tilkynnist hér með.

Fyrir hönd ráðherra

Steinunn Fjóra Sigurðardóttir

Sigurbjörg Sæmundsdóttir

Afrit:
Umhverfisstofnun
Heilbrigðisnefnd Austurlands